

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 6. maí 2022  
UST202204-062/A.B.  
10.04.03

## Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Hvítuborgir – Grímsnes- og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 6. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvítuborgir í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram tillagan tekur til landsins Hvítuborgar og er stærð skipulagssvæðisins 65,7 ha. Auk þess kemur fram að á svæðinu eru skilgreindir tveir byggingareitir. Á byggingareit B1 er heimilt að byggja upp þjónustuhús eitt eða fleiri, samanlagt allt að 280 m<sup>2</sup> að stærð og starfsmannahús allt að 210 m<sup>2</sup>. Á byggingareit B2 er heimilt er að byggja allt að 15 stök gistihús sem hvert um sig er allt að 90 m<sup>2</sup> að grunnfleti.

### Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að votlendið sem fjallað er um í greinargerð fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Votlendið er staðsett nyrst á svæðinu.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Byggingareitur B2 virðist vera samkvæmt uppdrætti vera fyrir utan votlendissvæði, en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að framkvæmdir raski ekki votlandinu sem fellur undir 61. gr. laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að votlendisvistgerðir þekja stóran hluta skipulagssvæðisins og samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>1</sup> eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

---

<sup>1</sup> <http://vistgerdakort.ni.is/>

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins og öðru raski m.a. vegagerð verði haldið í algjöru lágmarki.

### **Ásýnd og rask**

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir framkvæmdum á óröskuðu landi og gert ráð fyrir að mænishæð húsa geti verið allt að 9,0 m, er mikilvægt að halda raski í lágmarki og að byggingar falli vel að landi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: *„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“*

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*